Umsögn Félags fréttamanna um 644. mál: Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum

Félag fréttamanna leggst eindregið gegn frumvarpinu. Það er alkunna að afgreiðsla umbeðinna gagna tekur almennt langan tíma, og oftast lengri tíma en upplýsingalög kveða á um samkvæmt 17. grein. Ef það verður skylda að leita eftir afstöðu aðila sem gögnin varða er hætt við að afgreiðslutíminn lengist enn frekar. Nú þegar er heimild til þess í upplýsingalögum, og því engin ástæða til að gera það að skyldu. Í umsögn Borgarskjalasafnsins í samráðsgátt, dags. 31. júlí 2019, kemur sama afstaða fram; þ.e. að verði stjórnvöldum gert skylt að leita eftir afstöðu þriðja aðila við afgreiðslu upplýsingabeiðna geti það leitt til þess að framkvæmd upplýsingalaga þyngist. Ekki sé nauðsynlegt að mæla fyrir um skyldu stjórnvalda í þessu efni þar sem heimildin er nú þegar til staðar.

Tekið er fram í greinagerð með frumvarpinu að í sáttmála ríkisstjórnarinnar sé lögð áhersla á traust og gagnsæi. Félag fréttamanna telur frumvarpið fremur stuðla að minna gagnsæi, þar sem framkvæmdin verður þyngri í vöfum. Þannig gengur frumvarpið gegn markmiðum upplýsingalaga, sem er samkvæmt 1. grein meðal annars að styrkja aðhald fjölmiðla og almennings að [opinberum aðilum], og styrkja möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni. Það hefur sýnt sig að málshraði getur haft veruleg áhrif á möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum, eins og sást til dæmis þegar sett var lögbann á umfjöllun Stundarinnar úr Glitnisskjölunum í aðdraganda kosninga 2017. Samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, benti á að lögbannið græfi undan frelsi fjölmiðla og réttindum almennings til upplýsinga. Tæpu ári síðar kom í ljós að lögbannið var ólöglegt.

Það veldur vissum áhyggjum að þetta er annað lagafrumvarpið á skömmum tíma þar ríkisstjórn leggur til hertar aðgerðir til að bregðast við ímynduðum vanda. Um leið er gengið lengra en þörf krefur í lagasetningu. Hér er núverandi heimild til að skora á þriðja aðila gerð að skyldu. Þetta er sambærilegt við frumvarp þáverandi dómsmálaráðherra um bann við samtímafrásögn úr réttarhöldum sem Alþingi samþykkti sem lög á síðasta ári. Fyrir var í lögum heimild dómara til að setja fréttabann um lengri eða skemmri tíma um það sem fram kom í réttarhöldum, hvort sem er í heild eða að hluta. Þetta ákvæði höfðu dómarar nýtt og þar með sýnt að ákvæðið var virkt í huga þeirra. Ákvæðið hafði meira að segja verið nýtt í auknum mæli síðustu misseri þótt það væri enn afar sjaldgæft að dómarar teldu þörf á að beita því. Alþingi þótti hins vegar ekki nóg að gert og gerði slíkt bann við samtímafrásögn að meginreglu. Þótt heimild væri til undanþágu frá slíku banni hefur slík heimild ekki fengist þegar eftir því hefur verið leitað.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu er kveikjan að því athugasemdir Samtaka atvinnulífsins við fyrri lagasmíð um rétt almennings til upplýsinga frá ríkinu. Það gefur tilefni til að skoða umsögn þeirra við frumvarpið. Öll efnisatriði umsagnarinnar ganga í sömu átt; að gera almenningi erfiðara fyrir að afla sér upplýsinga, hvort sem er með auknum kröfum um upplýsingabeiðnir, lengingu afgreiðslutíma, auknum möguleikum til að koma í veg fyrir afhendingu gagna eða gjaldtöku til að letja fólk frá því að afla sér upplýsinga. Allar athugasemdir þeirra samtaka sem báðu um þetta frumvarp ganga gegn yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar um gagnsæi. Það ætti að gefa stjórnvöldum tilefni til að endurskoða þörfina að baki þessu frumvarpi og hugsunina sem býr þar að baki.

Þá gerir félagið formlega athugasemd við að hafa verið undanskilið þegar leitað var eftir umsögnum um frumvarpið.

Fyrir hönd Félags fréttamanna,
Alma Ómarsdóttir
Formaður Félags fréttamanna